

**66. þing
Sundsambands Íslands
Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7
29. mars 2025**

Þingskjal nr: 2025 – 09

Tillaga frá stjórn SSÍ fyrir sundþing 2025:

66. þing Sundsambands Íslands haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7, 29. mars 2025
samþykkir að meðlimagjöld SSÍ fyrir árin 2025 - 2027 verði með eftirfarandi hætti. Breytingin tekur gildi í ágúst 2025.

1) Gjöld almennra meðlima í félögum

- a. **Meðlimagjald 0-10 ára (yngri en 10 ára)** verður 1.000 kr. Allir á aldrinum 0-10 ára sem æfa sund reglulega eða koma á einhverskonar námskeið eða kennslu á vegum félaga sem standa yfir í lengri eða skemmri tíma.
- b. **Meðlimagjald 10 ára og eldri** verður 5.000 kr. Allir 10 ára og eldri sem æfa sund reglulega amk 2svar í viku í 6 vikur í senn og greiða æfingagjöld til félags.
- c. **Meðlimagjald aðrir** verður 1.000 kr og nær til allra sem mæta á einhverskonar styttri námskeið eða æfingar á vegum félaga. Þetta gildir um meðlimi í Sjó, skriðsundsnámskeið og öll önnur námskeið eða kennslu á vegum félaga einnig þeirra sem teljast til almenningsíþróttar í Sportabler.
- d. **Keppnispassi mót yngri og garpar** verður 5.000 og nær til allra sem keppa á mótum sem skráð eru í Splash eða Swimify.
- e. **Keppnispassi SSÍ mót** verður 10.000 og nær til allra sem keppa á SSÍ mótum sem eru AMÍ, ÍM25, ÍM50, BIKAR og RIG.
- f. Sundþing felur stjórn SSÍ að meta þörf á því að meðlimagjald sundiðkenda hækki 1.janúar 2026 og 2027. Ekki má hækka meðlimagjald umfram verðlagsbreytingar almennt.
- g. Sundþing felur stjórn SSÍ að meta þörf á því að keppnispassi sundiðkenda hækki 1.janúar 2026 og 2027. Ekki má hækka keppnispassa umfram kostnaðarhækkunar.
- h. Gjöldin eru innheimt 1 sinni á ári.
- i. Breyta þarf reglugerð þar sem þjónustugjöld eru látin heita meðlimagjöld.
- j. Sundþing felur stórn SSÍ áfram að ákvarða hækkunar/lækkunar á stungugjöldum eftir þörfum hverju sinni.

Greinargerð:

Á síðasta sundþingi tókst ekki að ná fram markmiðum um breytingu meðlimagjalda (þá þjónustugjalda). Tekjumarkmið gjaldanna náðist ekki og það markmið að fjölga iðkendum í sundhreyfingunni náðist alls ekki. Þessi tillaga hefur verið kynnt forsvarsfólki nokkurra félaga og hefur mælt vel fyrir. Sem fyrr er tilgangur tillögunnar að ná tekjuaukningu hjá SSÍ þannig að meðlimagjöld standi undir einu stöðugildi, auk þess sem þessi tillaga gengur út á að allir sem stunda æfingar eða námskeið í sundi greiði lágmarksgjald og teljist þar með til iðkenda í tölum ÍSÍ. Í flestum löndum í kringum okkur er sund íþrótt sem er í 5.-7. sæti hvað fjölda iðkenda varðar. Við teljum að ef þetta markmið næst þá verði aukning um 25 – 30 % innan sundhreyfingarinnar.